

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Hlíðarhólsbraut 20, Kambshverfi, Öndverðarnesi.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar við Hlíðarhólsbraut í landi Öndverðarness. Lóð nr. 20 færir um 20 m til suðurs og um 12 m til austurs. Stærð lóðarinnar helst óbreytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Nesjar, Tjarnarlaut 6, L186649.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi í landi Nesja. Gert er ráð fyrir að lóðin Tjarnarlaut 6, L186649, minnki úr 8.500 m² í 7.010 m². Mismunurinn, sem er 1.490 m², mun sameinast jörðinni Nesjar, L170824.

Að öðru leyti gilda deiliskipulagsskilmálar í samþykktu deiliskipulagi með síðari breytingum.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. desember 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. janúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.